

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi sunnan „menntaskólatúns“ á Laugarvatni, lóðir við Traustatún.

Í breytingunni felst að lágmarks nýtingarhlutfall einbýlishúsa á svæðinu verður 0,15 í stað 0,2. Mænisstefnu er breytt á sex lóðum við Traustatún og byggingarreitir á lóðunum 12 og 14 við sömu götu eru stækkaðir. Jafnframt stækkar lóðin nr. 14 við Traustatún um 100 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. október 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. október 2008